

AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 143. löggjafarþings, frá 16. maí 2014 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 9. september 2014.

Gjört á Bessastöðum, 14. maí 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.“

Alþingi samþykkti hinn 16. maí 2014 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 143. löggjafarþings, frestað hinn 16. maí 2014.

Forsætisráðuneytinu, 19. maí 2014.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.